

Gunnhildur Arnardóttir hlýtur Stjórnunarverðlaunin 2010 í flokki mannauðsstjórnunar

Verðlaunahafinn á sviði mannauðsstjórnunar er greinilega vel kynnt á sínu sviði því hún fékk fjölmargar tilnefningar til verðlaunanna, bæði frá samstarfsmönnum innan fyrirtækis og kollega utan þess. Í umsögnum þeirra sem tilnefndu hana kemur fram að hún hefur náð markverðum árangri í sínu starfi og hefur marga persónulega eiginleika sem styðja við og skýra þann árangur.

Vinningshafinn hefur gegnt starfi starfsmannastjóra í sínu fyrirtæki í 4 ár, en samtals hefur hún um 20 ára starfsreynslu í sambærilegum störfum.

Hjá sínum núverandi vinnuveitanda hefur hún haft frumkvæði að ýmsum verkefnum sem hafa bætt skipulag og vinnubrögð á sviði starfsmannamála og um leið stuðlað að betra starfsumhverfi.

Meðal verkefna sem hún hefur haft forgöngu um er mælitæki til að fylgjast með líðan starfsmanna og mati þeirra á fyrirtækinu og þjónustu þess gagnvart viðskiptamönnum, en það mælitæki er kallað árangurs-þríhyrningurinn.

Einnig hefur hún unnið mikið að starfsþróun innan fyrirtækisins, meðal annars með gerð handbókar fyrir starfsmenn, og með stofnun mentorakerfis og endurmenntunarskóla.

Enn fremur má nefna að hún hafði ásamt fleirum frumkvæði að nýju einingabæru námi í samstarfi við Mími-símenntun, en það nám nýtist bæði hennar fyrirtæki og öðrum.

Allt er þetta talið hafa gefið fyrirtækinu samkeppnisforskot og er hennar fyrirtæki nú hvatning og fyrirmynd fyrir aðra, og hefur hún brugðist vel við beiðnum um kynningar og leiðsögn í því sambandi.

Persónulega hefur vinningshafinn marga eiginleika sem styðja góðan árangur. Hún er jákvæð og uppbyggileg, lítur á viðfangsefni sem verkefni en ekki vandamál, og hefur mikinn drifkraft. Enn fremur á hún auðvelt með að finna réttar og jákvæðar lausnir á verkefnum og draga fram styrkleika starfsfólks. Þá hefur hún eldmód, er leiðtogi, frumleg og hugmyndarík, en um leið skynsöm og rökföst í lausn vandamála.